

131. fundur Rekstrarnefndar Hjúkrunar- og dvalarheimilsins Klausturhóla 14.4.2021 kl.16:00.

Mættir: Sveinn Hreiðar Jensson, , Elín Heiða Valsdóttir, , Anna María Ólafsdóttir, Auðbjörg Bjarnadóttir og Arndís Harðardóttir kemur sem varamaður fyrir Fanney Ásgeirsdóttir sem boðaði forföll, Sveinn Jensson ritar fundargerð. Einnig sátu Matthildur Pálsdóttir hjúkrunarforstjóri, Sandra Brá Jóhannsdóttir sveitarstjóri , Jóna Margrét Sigmarsdóttir fulltrúi starfsmanna fundinn.

Dagskrá fundar:

1. Skýrsla hjúkrunarforstjóra

Skýrslan kynnt af hjúkrunarforstjóra. Nefndin þakkar stjórnvöldum vegna 7.milljón króna endurgreiðslu á kostnaði sem féll til á covid-19 tímum.

2. Drög að ársreikningi Hjúkrunar- og dvalarheimils Klausturhóla 2020

Sveitarstjóri fer yfir drög að ársreikningi. Rekstrarniðurstaðan er jákvæð upp á 765. þús. Rekstrarnefnd vill þakka Hjúkrunarforstjóra sem og starfsfólki fyrir störf sín á síðastliðnu ári og aðhaldi í rekstri á erfiðum tímum. Rekstrarnefnd samþykkir drög að ársreikningi 2021 og vísar honum áfram til sveitarstjórnar til úrvinnslu.

3. Rekstraryfirlit jan til mars 2021

Rekstraryfirlit jan til mars er kynnt og er reksturinn á áætlun samkvæmt yfirferð.

4. Starfsmannamál

Hjúkrunarforstjóri vekur athygli á uppsöfnum frítökurétti hjá hjúkrunarfræðingum á heimilinu vegna meðal annars aukins álags á Covid tímum 2020, nefndin óskar eftir frekari gögnum frá hjúkrunarforstjóra og mögulegar lausnir á þessu máli fyrir næsta fund nefndarinnar. Vel gengur að ráða í afleysingar vegna sumarorlofa fastastarfsfólks og er útlit fyrir að það sé áhugi frá heimafólki sem er ánægjuefni.

5. Önnur mál

Enginn önnur mál, nefndin mun koma saman aftur 28.apríl

Fundi slitið kl. 18:00